

Mánudaginn hinn 6. aprílmánaðar.

Nr. 8/1908:

Valdstjórnin  
gegn

Guðmundi Jónssyni

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengum 16. jan. þ. á., var hinn kærði, Guðmundur Jónsson frá Helgastöðum í Reykjavík, dæmdur fyrir brot gegn 43. gr. í lögreglusamþykkt Reykjavíkur 15. nóv. 1890, sbr. viðauka við samþykkt þessa 20. nóv. 1898, í 20 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða in solidum með öðrum marni, er kærður var í sama máli, allan af málinu leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hins kærða, að því er hann einan snertir, verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað, sumpart með játningu kærða og sumpart með vitnaskýrslum, að kvöldið 27. des. f. á. fór hann inn í forstofuna við samkomuhús Hjálpræðishersins í Reykjavík í forboði dyravarðarins og gerði síðan ítrekaðar tilraunir til þess að brjótast með ofbeldi, þrátt fyrir mótspyrnu liðsmanna Hjálpræðishersins, inn í samkomusal hersins, en með þessu atferli sínu raskaði hann friði á samkomu hersins, sem þá stóð yfir, og verður því að álitast hafa orðið brotlegur gegn ofan nefndri grein lögreglusamþykktarinnar. Kærði hefir áður fleirsinnis verið sektaður fyrir lögreglubrot, síðast með löggluréttardómi Reykjavíkur 12. sept. f. á. um 10 kr., og með því að sekt sú, sem ákveðin er í hinum áfrýjaða dómi, þykir hæfilega ákveðin 20 kr., og yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að stað-

festa lögregluréttardóminn að því er kærða áhrærir. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Guðmundur Jónsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og ber honum yfirleitt að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 31/1907:

Jón Pálmason

gegn

Valdemar Thorarensen

fyrir hönd

Sigurðar Sumarliðasonar

D ó m u r:

Þann 30. jan. 1906 gerðu þeir kaupsamning sín í milli áfrýjandi, verzlunarmaður Jón Pálmason sem seljandi, og Sigurður skipstjóri Sumarliðason sem kaup-